



Á sýningunni *Tölur, staðir* má upplifa nýja innsetningu eftir myndlistarmanninn Þór Vigfússon sem hann vinnur sérstaklega með sýningarsal Gerðarsafns í huga. Sýningin samanstendur af fjölda jafnstórra ferninga úr lituðu gleri sem dreifast um veggj salarins eftir ákveðinni reglu og mynda víxlverkun milli lita, forma og rýmis.

Við fyrstu sýn virðist sýning Þórs lítillát og óhlutbundin innsetning sem leiðir hugann að verkum í anda naumhyggju. En þrátt fyrir hógvært efnisval og framsetningu má við nánari athugun greina flókna hugmyndalega nálgun á sjálft skúlptúrformið.

Hér veltir listamaðurinn meðal annars fyrir sér þeim fagurfræðilegu möguleikum sem leynast í gleri og öðrum iðnaðarefnum og hvernig tæknileg útfærsla þeirra getur haft mótandi áhrif á skynjun áhorfandans. Þá grundvallast sýningin á þeirri hugmynd að ekki aðeins framsetning heldur einnig staðsetning listaverks, það umhverfi sem verkið birtist í hverju sinni, hafi bein áhrif á upplifun og merkingarsköpun áhorfenda; ekki aðeins af verkinu sjálfu heldur einnig rýminu sem það umlykur.

Þór vinnur verk sín nær undantekningarlaust sem tilbrigði við ákveðnar reglur sem hann setur sjálfum sér í sköpunarferlinu. Verkin taka á sig margskonar form og þau má skoða úr ýmsum áttum. Veggverk listamannsins, eins og það sem kemur nú fyrir sjónir almennings, þar sem hann raðar saman marghyrndum flötum úr gleri, plexigleri eða speglum, má líta á sem skúlptúr, lágmynd eða jafnvel málverk. Þó bera verk Þórs með sér mjög sterk höfundareinkenni og hafa það sammerkt að verka með áhrifaríkum hætti á rýmið þar sem þau eru sýnd og áhorfendur sem sjá þau og upplifa.

Þór Vigfússon hlaut Gerðarverðlaunin árið 2021 fyrir ríkulegt framlag sitt til höggmynda- og rýmislistar á Íslandi. Verðlaunin eru til heiðurs Gerði Helgadóttur myndhöggvara og eru veitt myndlistarfólki sem vinnur í skúlptúr með framúrskarandi hætti. Sýningin *Tölur, staðir* er önnur einkasýning Þórs í Gerðarsafni en þá fyrstu hélt hann árið 1999. Af þessu tilefni opnar Þór einnig samnefnda sýningu í Y gallery, sýningarrými í bensínstöð Olís sem staðsett er í bílakjallara Hamraborgar í Kópavogi.

2 Þór Vigfússon  
*Tölur, staðir*  
*Numbers, Places*  
Gerðarsafn  
Kópavogur Art Museum  
13.04.—28.07.2024

3 *Tölur, staðir* Numbers, Places

The exhibition *Numbers, Places* presents a new installation by artist Þór Vigfússon which he created specifically with the Gerðarsafn exhibition hall in mind. The exhibition consists of numerous equal-sized coloured glass squares arranged in a specific order, creating interactions between colours, forms and space.

At first glance, Vigfússon's exhibition appears to be a subtle, abstract installation that evokes a connection with minimalist works. However, in spite of the humble material selection and presentation, one can, upon a closer look, discern a complex conceptual approach to the sculpture form itself.

Here, the artist ponders, among other things, the aesthetic possibilities of glass and other industrial materials and how their technical execution can shape the viewer's perception. The exhibition is based on the idea that not only the presentation but also the location of the artwork, the environment that the artwork appears in, directly affect the viewer's

experience and the meaning the artwork and the space surrounding it evoke in them.

Vigfússon almost always approaches his art making as a variation of specific rules he establishes for himself during the creative process. The works take on diverse forms and can be viewed from many directions. The artist's wall works, such as the one exhibited here, geometric shapes made from glass, plexiglass or mirrors, can be interpreted as sculpture, relief or even as painting. However, Vigfússon's works carry strong author characteristics and imprint a powerful effect on the exhibition space as well as the viewers.

Þór Vigfússon was awarded the Gerður Prize in 2021, for his rich contribution to sculpture and spatial art in Iceland. The prize is given in honour of sculptor Gerður Helgadóttir to outstanding Icelandic sculptors. The exhibition *Numbers, Places* is Vigfússon's second solo exhibition at Gerðarsafn, but his first was in 1999. To mark this occasion, Vigfússon will

## Brothættir staðir

Snemma á ferlinum hóf Þór Vigfússon að vinna innsetningar þar sem hann hugaði sérstaklega að staðsetningunni sem listaverkið birtist í hverju sinni; verk sem fyrst og fremst höfðu rýmið og áhorfendur að viðfangsefni sínu.

Árið 1999 vann Þór eitt slíkt verk fyrir fyrstu einkasýningu sína í Gerðarsafni sem nefndist *Brothættir staðir*.<sup>1</sup> Sýningin var innsetning í neðri sal safnsins, þar sem nú má sjá grunnsýningu um Gerði Helgadóttur, en þar hafði listamaðurinn komið fyrir fjórum gríðarstórum lituðum glerrúðum upp að jafnmörgum veggjum salarins. Líkt og nú var Þór afar sparsamur í efnisvali og framsetningu en verkið hafði samt sem áður mikil áhrif á upplifun áhorfenda eins og Gunnar J. Árnason lýsti á eftirminnilegan hátt:

„Áhorfandanum er hreinlega þröngvað inn á þá braut að sökkva sér inn í hið sérstaka samband endurspeglunar og gegnsæis sem einkennir litað gler. Hann sér sjálfan sig og umhverfið sem einlita vofu í glerinu. Glerrúðurnar, sem náðu frá gólfi og upp í loft, römmuðu rýmið inn á fjóra vegu, þannig að áhorfandinn upplifði sjálfan sig í verkinu á tvennan hátt; inni í glerinu og umkringdan því.“<sup>2</sup>

Sýningin *Brothættir staðir* vakti þónokkra athygli á sínum tíma og var meðal annars tilnefnd til menningarverðlauna DV fyrir myndlist sama ár.<sup>3</sup> Í framhaldi eignaðist Gerðarsafn verkið.

Eins og áður sagði var verkið unnið sérstaklega fyrir sýningar- salinn og erfitt að ímynda sér hvernig það myndi koma fyrir sjónir okkar í dag, í öðru rými og á öðrum tíma. Það mætti jafnvel hugsa sér að innsetningin yrði að allt öðru verki í huga áhorfenda. Sem listform bendir innsetningin þannig ósjálfrátt á grundvallaratriði mynd- listarinnar; hún er ávallt staðsett einhvers staðar og óhjákvæmilega bundin af rými og tíma, alveg eins og skynjun manneskjunnar.

4

Þór Vigfússon

open a second exhibition at Y Gallery, an exhibition space at an old petrol station in the underground car park in Hamraborg, Kópavogur, in conjunction with his exhibition at Gerðarsafn.

### Fragile Places

Early on in his career, Vigfússon started creating installations where he paid particular attention to the artwork's location; works that made the space and the viewers their subject.

In 1999, he created one such work for his first solo exhibition in Gerðarsafn, titled *Fragile Places (Brothættir staðir)*.<sup>1</sup> This was an installation in the museum's lower exhibition hall, which now holds a permanent exhibition of Gerður Helgadóttir's works. There, Vigfússon had placed four large-scale, coloured glass panes along the walls. Like now, he was very economical in his choice of material and presentation; nevertheless the work affected the viewers greatly, as Gunnar J. Árnason describes:

“The spectator was simply forced to absorb himself in the distinctive relationship between reflection and transparency which characterizes coloured glass. He sees himself and the environment as a monochrome spectre in the glass. The panes, which extended from the floor to the ceiling, framed the space in on four sides, making the spectator experience himself in the work in two separate ways: inside the glass and surrounded by it.”<sup>2</sup>

The exhibition *Fragile Places* was quite noteworthy at the time and was nominated for the DV Culture Prize later that year.<sup>3</sup> Following this, Gerðarsafn acquired the work.

As previously stated, Vigfússon created the installation specifically for the lower exhibition hall at Gerðarsafn, and therefore, it is hard to imagine how it would appear to us today, in a different time and space. Quite possibly, it would become a completely different work in the eyes

1  
*Brothættir staðir*  
(Gerðarsafn,  
24.4.—9.5.1999).

2  
Gunnar J. Árnason, „Í  
skuggsjá rúms og tíma“,  
*Í skuggsjá rúms og tíma*  
(Reykjavík: Listasafn ASÍ,  
2000), bls. 4.

3  
Silja Aðalsteinsdóttir, „Á leið  
út úr skilgreiningum“, DV,  
föstudag 18. febrúar, 2000,  
bls. 10.



5

*Brothættir staðir* á sýningunni *Ný aðföng* í Gerðarsafni 2004  
*Fragile Places* in a collection exhibition at Gerðarsafn 2004

1  
*Brothættir staðir*  
(Gerðarsafn,  
24.4.—9.5.1999).

2  
Gunnar J. Árnason, "In the  
Mirror of Space and Time",  
*In the Mirror of Space and  
Time* (Reykjavík: ASÍ Art  
Museum, 2000), p. 10.

3  
Silja Aðalsteinsdóttir, „Á leið  
út úr skilgreiningum“, DV,  
Friday 18 February, p. 10.

## Naumhyggja eða hógværd?

Aldarfjórðungi eftir síðustu sýningu Þórs Vigfússonar í Gerðarsafni fá gestir aftur tækifæri til að sjá innsetningu eftir listamanninn sem að þessu sinni er unnin sérstaklega fyrir austursal safnsins. Það er vert að bera sýningarnar þá og nú stuttlega saman en þannig má greina nokkur meginstef í listsköpun Þórs sem hverfist um liti, form, efni og rými.

Í tengslum við sýninguna *Brothættir staðir* birtist stutt viðtal við listamanninn þegar hann var að setja upp verkið í safninu. Þar var Þór meðal annars inntur eftir því hvernig hann vinni listaverk sín en hann svaraði á þessa leið:

„Ég reyni að gera myndverk, en hef ekki komist lengra, er ennþá í ferningum.“<sup>4</sup>

Þessi stutta athugasemd er dæmigerð fyrir þá sparsömu nálgun við viðfangsefnið sem einkennir verk Þórs. Hér liggur beinast við að setja listsköpun hans í samhengi við naumhyggju, þar sem í einföldu máli er fengist við listina út frá hugmyndinni um að „minna sé meira“. Hins vegar er það orð sem einna best lýsir höfundarverki Þórs (og honum sjálfum ef út í það er farið) *hógværd*.

Á sýningunni *Tölur, staðir* er Þór samkvæmur sjálfum sér og fæst enn á ný við samspil lita og forma í rými þótt innsetningin sé mun flóknari en áður. Sýningin samanstendur af fjölda ferninga úr gleri og tæknileg útfærsla þeirra er hárnákvæm. Á fyrri sýningunni í safninu málaði Þór sjálfur litinn á glerjunum en á seinni árum hefur hann í auknum mæli notið aðstoðar fagmanna við gerð verka sinna. Þannig eru glereiningarnar á þessari sýningu alfarið unnar af fyrirtæki sem Þór hefur átt í löngu samstarfi við.<sup>5</sup>

Hér má finna annan snertiflöt við naumhyggjuna, en þar er litið svo á að iðnaðarefni og fjöldaframleiðsla búi yfir möguleika á listsköpun sem er *bókstafleg* fremur en táknræn; þar sem persónulegt handbragð listamannsins er ekki að þvælast fyrir upplifun og túlkun áhorfandans á verkinu. En hér flækjast málin því hvernig getum við upplifað listaverk

4  
„Byggt á speglun“, Lesbók Morgunblaðsins, laugardag 24. apríl, 1999, bls. 10.

5  
Heiðar Kári Rannversson, viðtal við listamanninn, 12. mars 2024.

6  
Bruce Glaser, „Questions to Stella and Judd“, *Art News* 65, nr. 5, september 1966, bls. 55–61.

7  
Heiðar Kári Rannversson, viðtal við listamanninn, 12. mars 2024.

8  
Hér mætti t.d. nefna tvö verk Þórs sem hann sýndi fyrst á samsýningu á Kjarvalsstöðum árið 1979. Annað var skúlptúr í formi 24 teninga í andstæðum litum, hitt 12 ferningslaga málverk í frumlitum. Verkin eru nú í eigu Nýlistasafnsins.

milliliðalaust og án þess að mynda með því merkingartengsl, til dæmis að sjá það sem myndlíkingu fyrir einhvern annan hlut?

## Litir og form án myndlíkinga

Í samhengi myndlistar geta litir og form haft táknræna merkingu og stundum hægt að lesa úr þeim ásetning þeirra sem skapa verkin. Hins vegar getur reynst erfitt að lesa úr litum í verkum Þórs Vigfússonar og það bætir litlu við skilning okkar á þeim að leggja tiltekna merkingu í formin. Þegar við stöndum andspænis verkum hans rifjast upp orð bandaríska listamannsins Franks Stella, sem sumir telja einn upphafs-mann naumhyggjunnar, en hann lýsti verkum sínum á þennan veg:


„Það sem þú sérð er það sem þú sérð.“<sup>6</sup>

Eins og áður var vikið að eru verk Þórs oft unnin úr iðnaðarefnum og á þetta einnig við um innsetningu hans nú. Í þessu tilviki eru litirnir valdir af litaspjaldi sem notað er í framleiðslu á glereiningum verksins en þannig kemst listamaðurinn að einhverju leyti hjá því að ákveða liti einungis eftir geðþótta. Í staðinn býr hann til aðstæður, með samvinnu við ýmsa fagaðila, þar sem litirnir ákvarðast fyrst og fremst af tækni- legri útfærslu verksins.

Til gamans má geta að litirnir sem birtast á ótal áklæðningum nýbygginga í Reykjavík og víðar þessi misserin eru fengnir úr sama litaspjaldi og Þór notast við.<sup>7</sup> En öfugt við verk listamannsins, þar sem litir orka hver á annan með áhrifaríkum hætti, eru klæðningarnar oftast en ekki heldur daufar og ekki til marks um sérlega næmt litaskyn. Hér mætti góðfúslega benda byggingafélögum á þau fjölmörgu myndverk sem Þór hefur unnið inn í byggingar á Íslandi síðastliðin tuttugu ár, oft í samvinnu við arkitekta.

Verk Þórs má líta á sem skúlptúr, lágmynd eða jafnvel málverk. En það form sem birtist áhorfendum endurtekið í gegnum allt höfundar- verk hans er ferhyrningurinn.<sup>8</sup> Formið sjálft, flötur með fjögur horn, er algengt og auðlesíð. En þegar tveim eða fleiri ferningum er stillt saman

6	Þór Vigfússon	7	Tölur, staðir	Numbers, Places
of the viewer. Thus, as an art form, the installation instinctively points to the fundamental point of art: it is always situated somewhere and inevitably bound by space and time, just like human perception.	“I try to create images but haven’t got any further than this — I’m still stuck on the squares.” <sup>4</sup>	4 “Byggt á speglun“, <i>Morgunblaðið Culture Section</i> , Saturday 24 April, 1999, p. 10.	5 Heiðar Kári Rannversson, interview with the artist, 12 March 2024.	read the colours in Þór Vigfússon’s works and we won’t understand them any better if we start attributing certain meanings to the form. When faced with his works, we may remember the words of US artist Frank Stella, who some consider a pioneer of minimalism, but he described his works thus:
<u>Minimalism or Modesty?</u> A quarter of a century after Þór Vigfússon’s last exhibition in Gerðarsafn, visitors get another opportunity to see an installation by the artist, this time around created especially for the museum’s eastern hall. It is worth briefly comparing the two exhibitions thereby discerning a few main motifs in Vigfússon’s art, regarding colours, shape, material and space. In connection to the exhibition <i>Fragile Places</i> , the artist gave a short interview while installing his work in the museum. Among other things, he was asked how he went about creating his works, to which he replied:	This short comment is typical of Vigfússon’s economical approach to his subject. Here, his art practice can easily be directly connected to minimalism, where, in a simplified manner, artists base their work on the idea that “less is more.” However, the word that best describes Vigfússon’s work (and himself, to be perfectly honest) is <i>modesty</i> . In the exhibition <i>Numbers, Places</i> , Vigfússon is consistent to his practice, and yet again deals with the interplay of colour and form in the space, even if the installation is more complex than before. The exhibition consists of numerous glass squares and their technical execution is rigorous. In his previous exhibition, Vigfússon himself painted the glass in different colours, but recently he has started	5 Bruce Glaser, “Questions to Stella and Judd”, <i>Art News</i> 65, no 5, September 1966, p. 55–61.	employing professionals to assist with the production. Thus, all the glass units in this exhibition are produced by a company with which the artist has a long-standing collaboration. <sup>5</sup> Here, one can see another area of contact with minimalism, where industrial material and mass production are thought to give rise to art creation which is literal rather than symbolic; where the artist’s personal touch doesn’t stand in the way of the viewer’s experience and interpretation of the work. This complicates matters because how can we experience an artwork directly without forming associations of meaning with it; for example, by viewing it as a metaphor for something else? <u>Colour and Form without Metaphor</u> In visual art, colour and form can have a particular meaning and sometimes the artist’s intention can be deciphered from these fundamental elements. However, it can be difficult to	“What you see is what you see.” <sup>6</sup> As previously mentioned, Vigfússon’s works are often made from industrial material, which also applies to his present installation. Here, the colours are selected from a palette which is used to produce the artwork’s glass units. In this way, the artist doesn’t need to select all the colours himself, but instead he creates conditions, in collaboration with various professionals, where the colours are primarily decided by the work’s technical execution. Interestingly, the colours that recently appear on aluminium sidings on countless new



8

9

Án titls  
Untitled 1979

myndast hins vegar hnitakerfi þar sem setja má hluti í samhengi og færa tvívítt form í þrívítt rými. Í meðförum Þórs er ferningurinn notaður til að setja formrænar takmarkanir og skoða tæmandi möguleika, setja reglur sem hafa áhrif á framsetningu verksins.

### Tilbrigði við regluna

Titill sýningarinnar *Tölur, staðir* vísar bæði í fyrri sýningu Þórs Vigfússonar í Gerðarsafni og vinsælar talnaþrautir sem vöktu athygli listamannsins og urðu kveikja að verkinu sem nú má sjá í safninu og í Y gallery. Eins og við á um fleiri verk eftir Þór má þó frekar tala um að listamaðurinn vinni *tilbrigði við reglur*, enda er hér um fagurfræði að ræða en ekki stærðfræði. Sem betur fer.

Talnaþrautir í ýmsum myndum hafa verið þekktar í hundruð ára, þar sem fólk leysir miserfiðar þrautir sér til skemmtunar. Ein slík þraut ber nafnið *Su Doku*. Þrautin er útfærð útgáfa á svokölluðum latneskum ferningum (e. Latin Squares) sem vinsælar voru fyrr á öldum og gengur í einföldu máli út á að raða tölum í ferning. Í *Su Doku* á að raða tölum frá eitt til níu í jafnmarga samliggjandi ferninga og tryggja að allar tölurnar séu að finna í hverri röð, bæði láréttri og lóðréttri. Í hverri þraut eru gefnar nokkrar vísbendingar, tölur, og aðeins ein lausn er á hverri þraut.<sup>9</sup> Hins vegar má búa til nær óteljandi möguleika innan þessa fernings.

Það sem er áhugavert við talnaþrautir í samhengi myndlistar er að sá sem ræður þær þarf ekki að hafa tungumál á valdi sínu, eins og í tilfelli krossgátu, og þarf í raun heldur ekki að kunna að telja. Það eina sem þarf að gera er að tryggja að kassinn sé fylltur út eftir fyrirfram–gefnum reglum og myndi ákveðið mynstur sem samansett er úr tölunum. Það er með öðrum orðum engin önnur og dýpri merking sem leynist í lausn þrautarinnar. Hún vísar, í bókstaflegum skilningi, aðeins í sitt eigið form.

## 10

### Þór Vigfússon

buildings in Iceland come from the same palette as Vigfússon uses.<sup>7</sup> However unlike the artist's practice, where the colours powerfully interact, the sidings are often quite dull and indicate little sense of colour. Here, the housing associations could cordially be reminded of the numerous artworks by Vigfússon in Icelandic buildings in the last two decades, often in collaboration with the architects.

Vigfússon's works can be seen as sculptures, reliefs or even paintings. The form that appears to the viewer repeatedly throughout his practice, however, is the square.<sup>8</sup> The form itself, a plane with four corners, is common and easily read. But when two or more squares are placed together, a coordinate system is formed, where items can be put in context and two-dimensional forms given the third dimension. Vigfússon uses the square to place formal limitations and explore exhaustive possibilities, establish rules that affect the work's presentation.

#### Variation to the Rule

The exhibition title, *Numbers, Places*, references both Þór Vigfússon's earlier exhibition in Gerðarsafn and popular number puzzles that interested the artist and inspired his present work. As is often the case with Vigfússon's works, one might rather say he creates *variations of the rules*, since he deals with aesthetics, not mathematics. Thankfully.

Various number puzzles have been known for hundreds of years, to solve at different difficulty levels for fun. One such puzzle is called *Su Doku*. It is a variation of so-called *Latin Squares* which were popular in the past, and the aim is to write numbers in a square. In *Su Doku*, you must place numbers 1–9 in just as many adjoining squares and make sure the numbers can be found in each row, both horizontally and vertically. In each puzzle, a few numbers are given and there is only one solution for each puzzle.<sup>9</sup> However, within the square, there are almost limitless possibilities.

9

Sjá t.d. Wayne Gould, *Su Doku 1* (Reykjavík: Vaka–Helgafell, 2005), bls. V–VI.

7

Heiðar Kári Rannversson, interview with the artist, 12 March 2024.

8

Here one could mention Vigfússon's works in a group exhibition in Kjarvalsstaðir 1979. One was a sculpture in the form of 24 dice in different colours, another was 12 square paintings in primary colours. Both works are now in the collection of the Living Art Museum, Iceland.

9

See for example Wayne Gould, *Su Doku 1* (Reykjavík: Vaka–Helgafell, 2005), p. V–VI.

10

Brian O'Doherty, *Inside the White Cube: The Ideology of the Gallery Space* (San Francisco: Lapis Press, 1981).

## 11

### Tölur, staðir

What is interesting about number puzzles in the context of visual art is that the person solving them does not need to know a language, like for example when doing crosswords, and doesn't really need to know how to count either. The only thing that needs to be done is to ensure that the box is filled out according to the rules, creating a certain pattern from the numbers. In other words, there is no different or deeper meaning hidden in the puzzle, it only refers to its own form.

Perhaps it's no wonder that many minimalist and conceptual artist created their work based on numbers in a box. Vigfússon also uses the possibilities of the number puzzle to create art, but his works also clearly show that art is not only a game of numbers or a pastime. It is also a tool or method to explore and understand the reality the works are placed within, for example the exhibition space surrounding them.

Það er kannski ekki furða að margir listamenn naumhyggjunnar og hugmyndalistarinnar hafi unnið verk sín út frá tölum í kössum. Þór nýtir sér líka möguleika talnaþrautarinnar til listsköpunar. En að sama skapi sýna verk hans með skýrum hætti að listin er ekki aðeins leikur að tölum eða dægrastytting. Myndlistin er líka tæki eða aðferð til að skoða og skilja þann veruleika sem verkin eru í snertingu við hverju sinni. Til dæmis sýningarýmið sem umlykur þau.

### Hvíti kassinn

Í listsögulegu samhengi vísar ferhyrningurinn allt í senn; í pappírinn undir teikninguna, strigann fyrir málverkið eða rammann utan um það, marmarablokkina sem höggmyndin er unnin úr eða stöpulinn þar sem hún er sett. Hins vegar hefur listafólki orðið betur og betur ljóst að sá ferningur sem mestu máli skiptir fyrir upplifun á listaverki er í raun og veru sýningarrýmið sjálf: Hvíti kassinn.

Um miðjan áttunda áratug síðustu aldar, á svipuðum tíma og Þór var að hefja listferil sinn, birtust þrjár greinar í bandaríska myndlistar–tímaritinu *Artforum* eftir listamanninn Brian O'Doherty sem fjölluðu um einmitt þetta. Seinna var þeim safnað saman í bók sem bar titilinn *Innan hvíta kassans: Hugmyndafræði sýningarrýmisins*.<sup>10</sup>

Í stuttu máli sýndi O'Doherty fram á það að nútímalistin hafi þróast í þá átt að ekki sé lengur hægt að sjá né skilja listina nema að skoða líka umhverfið sem verkið birtist í hverju sinni, sem oftast er ekki er hvít–málað og vel upplýst sýningarrými í galleríi eða á safni. Þessi rými eru mótuð af tiltekinni hugmyndafræði, kreddum módernismans og lög–málum markaðarins, og hafa bein áhrif á upplifun og merkingarsköpun áhorfenda af verkinu. Með öðrum orðum benti O'Doherty á að í nútímanum sé listaverkið og samhengi þess órjúfanleg heild sem ekki verður svo auðveldlega greind í sundur.

Innsetninguna, sem einnig var að verða algengt listform á áttunda áratugnum, má sjá sem viðbragð listafólks við þessari þróun. Í inn–setningu Þórs í Gerðarsafni mótast staðsetningin, sýningarsalurinn, hvernig verkið er útfært og framsett. Þannig taka stærð og fjöldi

### Numbers, Places


#### The White Cube

In an art historical context, the square references everything at once: the paper for the drawing, the canvas of the painting or the frame around it, the marble slab that the sculpture is hewn in or the pillar where it is erected. However, it is constantly becoming more apparent to artists that the most important square for the experience of an artwork is the exhibition space itself. The white cube.

Around the middle of the 1970s, when Vigfússon was starting his career, three articles by artist Brian O'Doherty were published in the US art magazine *Artforum*, discussing precisely this. Later, they were published in a book called *Inside the White Cube: The Ideology of the Gallery Space*.<sup>10</sup>

To sum up, O'Doherty demonstrated that modern art had developed in so that it could not be viewed or understood without also exploring its surroundings each time, which most often is a white, well-lit space in a gallery or a museum.





glerferninganna mið af stærð og fjölda veggja í salnum en með þetta í huga mætti ímynda sér að verkið myndi minnka eða stækka eftir því hvar það væri sýnt.

Glerið í verki þórs bætir enn annarri upplifun við innsetninguna en það er bæði gegnsætt og endurspeglandi. Þannig sjá áhorfendur sig inni í verkinu og umkringda því, á sama tíma. Með þessu þurrkast mörkin á milli hins tvívíða og þrívíða rýmis út.

#### Ennþá í ferningum

Á sýningunni *Tölur, staðir* sem nú má upplifa í Gerðarsafni verður ekki betur séð en að þór sé „ennþá í ferningum.“ Hér mætti að lokum spyrja, af hverju ekki að halda sig innan ferningsins? Listasafnið er jú oftast ferhyrndur kassi og sýningarsalurinn nær undantekningarlaust með fjórum hliðum. Sýningarskráin þar sem þessi texti birtist sömuleiðis.

Ferningurinn getur innihaldið hvað sem er og um leið útilokað það sem er fyrir utan hann. Hann getur verið rammi, flötur eða (tölvu)skjár. Ferningurinn getur verið gluggi með útsýni í annað rými eða spegill sem birtir sjálfsmýnd eða samfélag.

Það sem þú sérð er það sem þú sérð. En ef þú staldrar við og horfir lengur sérðu meira. Listaverk eru alltaf staðsett einhvers staðar, taka pláss eins og aðrir efnislegir hlutir. Þannig verður skynreynsla okkar af þeim líka alltaf til í tilteknu rými og á tilteknum tíma.

Einn mælikvarði á góða myndlist er hvort listafólki takist að gefa aðeins nógu mikið upp svo áhorfendur fái tækifæri á því að fullgera myndverkið í huganum. Þór Vigfússyni tekst að gera þetta með sinni hógværu list, aftur og aftur. Verk hans skapa fyrst og fremst skilyrði fyrir áhorfandann til að móta sinn eigin hugsunarhátt og ef til vill finna sína eigin merkingu.

12

Án titils  
Untitled 2021

13

Tölur, staðir

Numbers, Places

These spaces are shaped by a specific ideology, modernist dogmas and laws of the market, that that directly influences the viewers' experience and the meaning they imbue the work with. In other words, O'Doherty pointed out that in today's world, the artwork and its context create an inseparable whole, not easily torn apart.

The installation, becoming a common art form in the 1970s, can be viewed as a response to this development. In Vigfússon's installation in Gerðarsafn, the location, the exhibition hall, shapes the execution and presentation of the work. The size and number of glass squares depends on the size and number of walls, and so the work could either shrink or expand, depending on where it is exhibited.

The glass in Vigfússon's work adds yet another dimension to the installation, as it is both transparent and reflective. The viewers can see themselves within the work while being surrounded by it simultaneously, thus erasing

the boundary between the two-dimensional and three-dimensional space.

#### Still Stuck on the Squares

In the exhibition *Numbers, Places*, now on view at Gerðarsafn, Vigfússon appears to be "still stuck on the squares." Here, one might ask, why not stay within the square? The art museum is a square cube, and the exhibition hall more often than not has four sides. As does the catalogue where this text appears.

The square can contain anything and, at the same time, exclude that which is outside. It can be a frame, a plane or a (computer) screen. It can be a window with a view into another space or a mirror reflecting back an image of yourself or society.

What you see is what you see. But if you stop and look a bit longer, you'll see more. Every artwork is located somewhere, it takes up space like all material things. That's how our perceptual experience of the work is created in a certain space at a certain time.

Sýningin *Tölur, staðir* er engin undantekning á þessu. Hvað áhorfendur gera síðan við verkið, hvernig þeir leysa þrautina sem lögð er fyrir okkur, er síðan önnur spurning sem þessi texti getur ekki svarað nema að litlu leyti. Lausnina má á endanum aðeins finna í verkinu sjálfu með því að gefa sér tíma að skynja það og upplifa í sýningarsalnum í Gerðarsafni.

Þór Vigfússon (f. 1954) býr og starfar í Reykjavík og á Djúpvogum. Hann sýndi fyrst í Gallerí SÚM árið 1974 og hefur síðustu fimm áratugi haldið fjölda sýninga víða um heim. Hann hefur einnig unnið mörg verk fyrir opinberar nýbyggingar hér á landi undanfarin 20 ár, síðast verkið *Flækja* (2024) fyrir nýtt skrifstofuhúsnæði Alþingis. Þór var einn af stofnendum Nýlistasafnsins árið 1978 og kom einnig að stofnun ARS LONGA samtímalistasafns á Djúpvogum árið 2022. Verk hans eru í eigu íslenskra safna og í einkasöfnum hérlendis og erlendis. Þór hlaut Gerðarverðlaunin árið 2021 fyrir ríkulegt framlag sitt til höggmynda- og rýmislistar á Íslandi.

Þór Vigfússon (b. 1954) lives and works in Reykjavík and Djúpvogur. His first exhibition was in Gallery SÚM in 1974 and since then he has held numerous exhibitions around the world. He has also created many works for official buildings in the last two decades, the most recent one being *Flækja* (2024) for Alþingi's new offices. Vigfússon was a founding member of The Living Art Museum in 1978 and was also involved in the foundation of ARS LONGA contemporary art museum in Djúpvogur in 2022. His works can be found in the collections of Icelandic museums and in private collections in Iceland and abroad. Vigfússon was awarded the Gerður Helgadóttir Prize in 2021, for his valuable contribution to sculpture and spatial art in Iceland.

*Tölur, staðir*  
Numbers, Places  
Þór Vigfússon  
13.04.—28.07.2024

Sýningarstjórn  
Curation  
Heiðar Kári Rannversson

Texti  
Text  
Heiðar Kári Rannversson

Þýðing og yfirllestur  
Translation and proofreading  
Ingunn Snædal

Hönnun  
Design  
Studio Studio  
(Arnar Freyr Guðmundsson,  
Birna Geirfinnsdóttir)

Prentun  
Printing  
Svansprent

© Gerðarsafn — Listasafn  
Kópavogs, höfundar texta  
og myndefnis/ljósmynd, 2024  
Gerðarsafn — Kópavogur Art Museum,  
authors, artists/photographers, 2024  
Með leyfi listamanns og i8 gallerí,  
Reykjavík.  
Courtesy of the artist and i8 Gallery,  
Reykjavík.



Samhliða sýningunni í Gerðarsafni sýnir Þór einnig ný verk í Y gallery, sýningarrými í bensínstöð Olís að Hamraborg 12.

Alongside the exhibition in Gerðarsafn Vigfússon also presents new works in Y Gallery, located in a petrol station down the street from the museum, at Hamraborg 12.

Sýningin er styrkt af  
The exhibition is supported by



One indicator of good art is whether the artist manages to suggest just enough for the viewer to finish the work in their head. Þór Vigfússon manages this with his modest art, again and again. First and foremost, his works create conditions for the viewer to shape their own thoughts and maybe find their own meaning.

The exhibition *Numbers, Places* is no exception. How the viewers then engage with the work, how they solve this puzzle that's been given to them, is another question this text can only answer up to a point. The final answer can only be found in the artwork itself by taking some time to experience and perceive it in the exhibition hall in Gerðarsafn.



